Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 81/1988. **Ákæruvaldið**

gegn

Anthony Lee Bellere

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 kært mál þetta til Hæstaréttar hinn 11. mars sl. Verður að skilja kæruna svo að varnaraðili hafi kært úrskurðinn í því skyni að hann verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar á úrskurðinum.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísun til forsendna hans.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. mars 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 10. mars er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Anthony Lee Bellere, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi vegna síbrota allt til miðvikudagsins 8. júní n.k. kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kærði hefur við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi viðurkennt að hafa sl. nótt brotist inn í Miðbæjarradíó, Hverfisgötu 18 og stolið þaðan sjónvarpstæki og ýmsum hljómburðartækjum.

Brotaferill kærða er langur og samfelldur. Frá 1977 hefur kærði 152 sinnum komið við sögu hjá RLR, aðallega vegna þjófnaðarbrota. Árið 1982 hlaut kærði skilorðsbundna ákærufrestun og frá 1983 til 1988 hefur kærði 8 sinnum hlotið dóma fyrir hegningar- og umferðarlagabrot, síðast 6 mánaða fangelsi þann 5. febrúar sl., en þeim dómi hefur kærði áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Þá hefur kærði margoft sætt gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þeirra mála sem hann hefur tengst. Þá eru nú til meðferðar hjá RLR 20 mál á hendur kærða vegna innbrota, þjófnaða og fleira.

Þar sem augljóst er af framangreindri upptalningu að kærði er síbrota-

maður og því veruleg hætta á að hann haldi áfram brotum með óskertu frelsi, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. júní n.k. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Anthony Lee Bellere, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 8. júní 1988 kl. 17:00.

Föstudaginn 18. mars 1988.

Nr. 60/1988. **Ákæruvaldið**
gegn
Róbert Emanúel Glad

Kærumál. Húsleit. Rannsóknargögn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Benedikt Blöndal, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr. 1. tl. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. febrúar 1988, er barst Hæstarétti 25. s.m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur hæfilegur kærumálskostnaður. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Greinargerð frá varnaraðila barst Hæstarétti 4. þ.m. Styður hann kæru sína þeim rökum, að hinn kærði úrskurður sé „órökstuddur og reistur á tilbúnum og ósönnum rökum". Ennfremur kvartaði hann yfir því að hafa ekki fengið öll málsskjöl í hendur í endurriti dómsgerða. Gerði hann af þessum sökum áskilnað um viðbótargreinargerð af sinni hendi og kvaðst bréflega hafa óskað eftir skjölum þessum við héraðsdómarann. Þessi krafa var tekin fyrir í saka-